

**Nd.**

**259. Breytingartillaga**

**[130. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Karli Guðjónssyni, Garðari Halldórssyni  
og Halldóri Ásgrímssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja hluta af söluskattinum til að standa straum af eftirfarandi hækkun á launum starfsmanna ríkisins:

- a. Laun, sem samkvæmt gildandi launalögum fara stighækkandi eftir starfsaldri, hækki á tveim árum í stað fjögurra ára, þannig að byrjunarlaun verði samsvarandi núverandi launum með tveimur aldurshækkunum og hækki síðan á tveimur árum í hámarkslaun launaflokksins.
- b. Starfsmönnum, sem laun taka samkvæmt XIII. og XIV. flokki launalaga, verði greidd laun samkvæmt XII. flokki.